

Steingrímur J. Sigfússon

Setningarraða sjöunda reglulegs landsfundar Vg

Akureyri 28-30 október 2011.

Ég býð ykkur öll hjartanlega velkomin til þessa sjöunda reglulega landsfundar VG hér í menningarhúsinu Hofi á Akureyri. Ekki spillir haustblíðan og fegurðin hér í Eyjarfirðinum í dag.

Það má með sanni segja að tíminn sé hraðfleygur fugl. Að það skuli vera orðin 12 ár og nokkrum dögum betur síðan við, rúmlega hundrað manns, komum saman til 1. landsfundar flokksins hér á Akureyri um miðjan október 1999, er lyginni líkast. En, þessi 12 ár eða þessi 13, 13 og ½ sem saga okkar spannar, allt frá því að undirbúningur hófst undir stofnun Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs, hafa verið góð ár, viðburðarrík en um leið tími mikillar uppbyggingar og uppskeru. Ég sé tæpast eftir einni einustu mínútu, ég sakna einskis nema félaganna sem hafa á þessum tíma horfið yfir móðuna miklu og samverustunda með fjölskyldunni, ættingjum og vinum sem orðið hafa færri en ella.

Ég vil byrja á að færa þakkið öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg við undirbúning þessa fundar. Framkvæmdastýru okkar, Auði Lilju Erlingsdóttur, í fyrsta lagi. Hún hefur borið hitann og þungann af því starfi, og allt það góða fólk, ekki síst þær Steinunn og Alfífa, sem með henni hefur unnið að undanfögnu, heimamönnum hér á Akureyri og í Norðausturkjördæmi færi ég þakkið, fyrrverandi framkvæmdastýru Drífu Snædal, sem hljóp í skarðið í sumar og leysti Auði af. Já, einfaldlega kærar þakkið til ykkar allra sem hafið unnið mikla vinnu undanfarna mánuði til að gera þetta allt mögulegt. Það gildir líka um þá sem stýrt hafa hópastarfi, stjórnað málþingum og þar á varaformaður flokksins Katrín Jakobsdóttir ekki minnstan hlut, en á hennar herðum hefur verið mikið af því starfi og matreiðsla þess hingað til fundarins.

Áður en lengra er haldið vil ég kalla hingað upp ein góða félagu sem ég geri ráð fyrir að sé hér í salnum - Ólafur Þ. Jónsson gjörðu svo vel. Óla er óþarft að kynna, hann er löngu orðinn þjóðsagnarpersóna og sameign okkar allra. Hann hefur verið með okkur frá byrjun og rúmlega það. Hann hefur unnið ómælt starf í sjálfboðavinnu og er enn að, samanber skráningu fyrir fundinn.

En þá að alvöru lífsins, þjóðmálunum, stjórn málaunum. Hvar stendur Ísland, hvað hefur áunnist, hvað hefur gengið miður en skyldi, hverjar eru horfurnar, hver eru mikilvægustu viðfangsefnin fyrir okkur sem þjóð næstu mánuði og misseri?

Ef við leitum aðeins skemur aftur í tímann en til október 1999, þegar 1. landsfundur flokksins var haldinn hér á Akureyri, og hugsum aftur til október 2008. Hvernig var staðan þá? Minnumst þess hvernig fjallað var um okkur í erlendum fjölmiðlum á þeim tíma og berum það saman við stöðuna í dag. Þá getum við a.m.k. sagt, fullyrt og stutt það með gildum rökum og glaðst yfir því að við Íslendingar erum að sigrast á einhverjum mestu efnahagsáföllum sem nokkur þróuð þjóð hefur lent í um langt árabíll og áratugaskeið. Fordæmalausar aðstæður, hið fullkomna efnahagslega óveður, sögðu erlendir sérfræðingar, sem settu sig inn í stöðu mála hér haustið 2008 og framan af ári 2009.

Og ekki skulum við bara minnst þess hvernig umræðan var erlendis um stöðu landsins þegar allt var að hrynja. Minnumst, ágætu félagar, viðvörunarorða okkar áður en þetta gerðist. Minnumst ályktana okkar og málflutnings gegn einkavæðingu bankanna, gegn græðgisvæðingunni, gegn ójöfnuði, gegn braskvæðingu Sparisjóðanna, gegn skattalækkunum á hátekjufólk og fjármagnsgróða, gegn stóriðjutrúboðinu, gegn útrásinni, gegn vaxandi ójöfnuði, já almennt gegn nýfrjálsbyggjuvæðingu samfélagsins. Munum að við,

Vinstrihreyfingin – grænt framboð, vorum flokkurinn sem meira og minna einn andæfði og varaði við meðan íslensku þjóðarskútunni var siglt á fullri ferð á strandstað hægri stefnunnar.

Á hinum svokölluðum góðæristímum jafngiltu mótbárur okkar því í munni andstæðinganna að við værum á móti framförum. Það væri því hægt að afskrifa okkur úr allri alvöru umræðu án rökraðna. Þó svo að ég leggi ekki í vana minn að vitna mikið í sjálfan mig að þá ætla ég við þetta tækifæri að láta það eftir mér en í setningarræðu landsfundar árið 2005 sagði ég eftirfarandi um þáverandi stöðu efnahagsmála. Og nú hefst tilvitnun:

„Það er nærtækt að vika næst að efnahagsmálum og þeirri stöðu sem uppi er í þeim efnum. Flestir hugsandi og ábyrgir menn, flest samtök og stofnanir sem láta sig efnahagsmál varða hafa af ástandinu miklar áhyggjur. Það er aðeins einn aðili sem að því er virðist er ónægur fyrir því jafnvægisleysi og þeim skjáklökkum sem hrannast upp við sjóndeildarhring efnahagsmála í landinu, og það er ríkisstjórnin.

Það sem ósköp einfaldlega er að gerast í efnahagslífinu er nákvæmlega það sem var fyrirsjáanlegt. Við erum nú að upplifa, og súpa af fullum þunga seyðið af, ruðningsáhrifum hinna miklu og samanþjöppuðu stóriðjuframkvæmda, sem með opinberu handafla var troðið hér inn í hagkerfið. Við erum í öðru lagi að upplifa áhrifin af stórfelldum skattalækkunum sem lofað var og lögfestar í framhaldinu langt inn í framtíðina á arfavitlausum tíma. Þær eru auðvitað sem olía á eldinn. Í þriðja lagi hefur verið hér mikil útlánaþensla og mikil verðsprenging á fasteignamarkaði og einnig þar bera stjórnvöld sína ábyrgð. Loks er það dauðbylsháttur ríkisstjórnarinnar sem menn taka sem skilaboð um að hér verði áfram látið vaða á súðum stóriðju, skattalækkana og viðskiptahalla - veislan haldi áfram og lán verði slegin fyrir veisluföngunum.“

og hins vegar sagði ég um stefnu okkar og tillögur við upphaf landsfundar 2005. Og aftur hefst tilvitnun:

„Vinstrihreyfingin grænt framboð hefur eitt flokka lagt fram tillögur um aðgerðir til þess að endurheimta efnahagslegan stöðugleika í landinu. Við viljum stóriðjubindindi, við viljum falla frá ranglátum og illa tímasettum skattalækkunum, við viljum samstilltar aðgerðir Fjármálaeftirlits, Seðlabanka og ríkisvalds til að tryggja fjármálastöðugleika og við viljum viðtækt samráð við aðila vinnumarkaðarins, samtök aldraðra og öryrkja o.s.frv.

Nú vill svo til að umræða um tillögu okkar stóð einmitt á Alþingi sitt hvorum megin við síðustu helgi. Og hver voru svör Halldórs Ásgrímssonar og ríkisstjórnarinnar? Jú, að ekki kæmi til greina annað en halda áfram með stóriðjustefnuna og skattalækkunirnar. Halldór hafði þau einföldu rök fram að færa, að hér væri ekkert að.

Að hér væri bara ekkert að. Auðvitað er það yfiringilegt ábyrgðarleysi að ætla að keyra þjóðarbúið áfram með óbreyttum hætti og reka það með 500 milljarða króna viðskiptahalla, og þar með áframhaldandi gríðarlegri skuldasöfnun útávið, á árabílinu 2003-2010, ef svo heldur sem horfir.

Hættan á gengiskollsteypu og miklu verðbólguþögn með tilheyrandi erfiðleikum heimila og atvinnulífs og greiðsluferfiðleikum í fjármálaheiminum blasir við. Hættan á gengiskollsteypu og miklu verðbólguþögn með tilheyrandi erfiðleikum heimila og atvinnulífs og greiðsluferfiðleikum í fjármálaheiminum blasir við.

Var það ekki nákvæmlega þetta sem að lokum gerðist? Jú það var nefnilega nákvæmlega það sem gerðist. Gengislækkun, verðbólguþögn – miklir erfiðleikar heimila og atvinnulífs. Og svo sannarlega greiðsluferfiðleikar í fjármálaheiminum. Reyndar rúmlega það, bankarnir verða gjaldþrota.

Svo þykjast þessir menn kunna bókhald. Mér finnst einnig undarlegt að heyra sérfræðinga frá Alþýðusambandinu tala um líkur á, jafnvel auknar líkur á, mjúkri lendingu í hagkerfinu, ja betur að satt væri; en ég kem bara ekki auga á tilefni þeirra bjartsýni.“

Nei, það var ekki mikið tilefni til bjartsýni um mjúka lendingu árið 2005 og hún varð svo sannarlega ekki mjúk lendingin í október 2008.

Það tókst því miður ekki að vinda ofan af ruglinu og svo kom árið 2008. Mantran var enn sú sama að einungis hægrimmenn kynnu að fara með stjórn efnahagsmála. Og hver var niðurstaðan í október 2008? Flokkur sem hafði ráðið lögum og lofum og haft á 18. ár til að skapa sitt draumasamfélag, skildi við landið í rúst og á barmi gjaldþrots.

Fjármálakerfið var í aðalatriðum hrunið. Vextir og verðbólga voru komin í 18%. Krónan var í frjálsum falli. Atvinnuleysi var að margfaldast samhliða því að kaupmáttur almennings var að stórskerðast. Húsnaðisverð fór hríðlækkandi.

Tekjur ríkissjóðs voru að hrynja og útgjöldin að stórukast. Fyrirtæki, heimili og fjölmörg sveitarfélög voru ofurskuldsett. Veislan var tekin að láni og það kom harkalega að skuldadögnum. Íslenskt samfélag stóð frammi fyrir því eins og ég hef nefnt áður að vegna hrikalegra hagstjórnarmistaka og ábyrgðarleysis var landið tæpast sjálfstætt lengur í efnahagslegum skilningi. Mönnum sem bera sér sjálfstæðishugtakið iðulega í munn, tókst fyrir eigin rammleik að glata því sjálfstæði sem Jón Sigurðsson forseti hafði á hreinu að var nauðsynlegur undanfari hins stjórnmalalega sjálfstæðis, það er, að þjóð sem ætlar að vera raunverulega sjálfstæð, verður að geta brauðfætt sig og bjargað sér efnahagslega. Barátta okkar undanfarin tvö ár og níu mánuði hefur því verið sjálfstæðisbarátta, barátta fyrir endurheimt efnahagslegs sjálfstæðis og sú barátta er að vinnast.

Dagana fyrir 1. febrúar 2009 tókum við þá stóru ákvörðun, góðir félagar, að setjast í ríkisstjórn við aðstæður sem eiga sér enga hliðstæðu á lýðveldistímanum. Eftir kosningasigur okkar í apríl það árið 2009 var til staðar fyrsti hreini vinstri meirihlutinn í stjórnmalum á landsvísi sem litið hefur dagsins ljós. Kannski finnst einhverjum að réttast hefði verið að forðast það eins og heitan eldinn að setjast yfir höfuð í ríkisstjórn við þessar aðstæður og leyfa hrunliðinu að glíma við eigin gjörðir? En þá fyrst hefðum við brugðist. Íslenskt samfélag var að liðast í sundur vegna átaka, forsvarsmenn hrunflokkanu nutu einskis trúverðugleika hérlendis hvað þá erlendis og það var ljóst að í hönd fór barátta sem myndi marka íslenskt samfélag til hins betra eða verra um langa framtíð, allt eftir því hvernig að yrði farið.

Það var skylda okkar, okkar sögulegu og pólitísku örlög að taka að okkur þetta verkefni, að leiða Ísland út úr ógöngunum, leggja okkur öll undir í þeim efnum og helga því alla okkar krafta. Að það yrði erfitt, að það myndi krefjast fórnar var óumflýjanlegt. Það var, það er og það var dæmt til að verða, tvísýnt um verkalaun. En það er á svona tímum og í svona verkefnum sem við höfum ekkert að gera með stjórnmalamenn og flokka sem hugsa bara um sjálfa sig. Ef Vinstrihreyfingin - grænt framboð hefði runnið af hólmi við þessar aðstæður þá hefði ég séð eftir mínum hlut í því að hún varð til.

Eitt stærsta viðfangsefni núverandi ríkisstjórnar í glímunni við hrunið hefur verið að aðlaga ríkisfjármálin gjörbreyttum efnahagslegum veruleika. Og hvað þýðir þetta? Ef við sleppum öllum tæknifrösum þýðir þetta að þegar ríkisstjórnin tók við var staða ríkissjóðs þannig að á árinu 2009 var halli upp á 100 milljarða áður en tekið er tillit til fjármagnsliða. Ríkissjóður var sem sé eins og heimili eða fyrirtæki sem eyddi 5 krónum á móti hverjum 4 sem það aflaði áður en kom að því að borga af skuldum. Á undan var hrúnarið sjálft, árið 2008 þegar hallinn fór vel yfir 200 mia. kr., einkum vegna gjaldþrots Seðlabanka Íslands, undir forystu ónefnds manns.

Það er algjörlega augljóst mál að á tiltölulega skömmum tíma hefðu án aðgerða hin opinberu fjármál orðið ósjálfbær og óviðráðanleg. Því að til viðbótar við þennan halla, á raunverulegum rekstri ríkisins, bætist fjármagnskostnaður, sem stórvókst eftir hrún. Nú þegar fara um 15% af öllum tekjum ríkisins í það eitt að greiða vexti — fimmtán prósent. Og ef ekki hefði verið ráðist í markvissar aðgerðir á sviði ríkisfjármála þegar á miðju ári 2009 og síðan áfram væri þessi tala nú mun hærrí. Fimmta hver króna eða fjórða hver króna færi þá í vexti í dag. Það er eins morgunljóst eins og að tveir plús tveir eru fjórir að það verður engin velferð á Íslandi til frambúðar ef ríkissjóður fer á hausinn. Baráttan var því og er því í senn, um endurheimt efnahagslegs sjálfstæðis og fyrir framtíð velferðarsamfélagsins Stærsta ógnin við velferðasamfélagið, fyrir utan hægristjórnir, er ríkissjóður sem stefnir á hausinn. Svo einfalt er það.

En þessi barátta vinnst ekki án fórna eins og við öll þekkjum. Aðgerðir á sviði ríkisfjármála hafa verið sársaukafullar en óumflýjanlegar. Við höfum reynt eftir fremsta megni að hlífa kjarna velferðakerfisins, fara eins mjúklega með samfélagið í gegn um þetta og mögulegt er. Þungi niðurskurðarins hefur verið lagður á almennan rekstur og stjórnsýslu, á fjárfestingar hins opinbera og stofnkostnað. En þrátt fyrir það vitum við öll að verkefnið er svo umfangsmikið að óhjákvæmilega hefur þrengt að velferðarkerfinu. Jafnvel 1,5% aðhaldskrafa í velferðarútgjöldum næsta árs, er tilfinnanlega erfið ofaní það sem á undan er gengið, en góðu fréttirnar eru að þar með eru slíkar aðgerðir í aðalatriðum að baki. Af umræðum undangenginna vikna og eftir ferðalög hér um slóðir í kjördæmavíku virðist mér ljóst að það er víðtæk samstaða í landinu um að það sé heilbrigðiskerfið sem eigi umfram annað að njóta þess ef hægt er að lina sársaukann.

Ríkisstjórnin og eðlilega ekki síst sá sem hér stendur hefur verið gagnrýnd ótæpilega af ýmsum fyrir skattabreytingar. En hvar værum við stödd á vegferð okkar nú ef ríkisstjórninni hefði ekki tekist að stöðva tekjufallið eftir að froðuhagkerfi hrunsins skolaðist niður um svelginn? Þá ætti velferðarkerfið sér ekki viðreisnarvon. Því það er ekki hægt að reka velferðarkerfi á erfiðleikatímum, með auknum útgjöldum t.d. vegna atvinnuleysis, á horfnum góðæristekjum.

Breytingar okkar í skattamálum hafa þó ekki aðeins miðað við að stöðva tekjufallið, heldur eru þær algjörlega í samræmi við pólitíska stefnumótun og tillögur flokksins fyrir alþingiskosningarnar 2009 og árin þar á undan. Þær tillögur miðuðu að því að ná fram meiri tekjujöfnuði í gegnum skattkerfið, innleiða græna skatta, svo sem kolefnisgjald og skattleggja bílaflokkinn miðað við koldíoxíðlosun, auka tekjur þjóðarinnar af auðlindum, hlífa venjulegum sparnaði fólks, en skattleggja mikinn fjármagnsgróða og stóreignir. Allt þetta hefur tekist. Þeir sem hefðu fyrir því að bera saman skattkerfið í dag og stefnu VG frá umliðnum árum, kæmust að athyglisverðri niðurstöðu.

Greining á áhrifum skattkerfisbreytinganna leiðir í ljós að verulegur tilflutningur á skattbyrði hefur átt sér stað, frá fólki með lægri tekjur, yfir á hátekjufólk og stóreignafólk. Helmingur hjóna, ca. 31.000 hjón, greiða nú lægra hlutfall af tekjum sínum í tekjuskatt og útsvar, þ.m.t. fjármagnstekjuskatt, á árinu 2010 en þau gerðu árið 2008. Kannski er það þess vegna sem formaður Sjálfstæðisflokksins talar um að nauðsynlegt sé að afnema allar skattkerfisbreytingar núverandi ríkisstjórnar. Svo að hægt sé að viðhalda ójöfnuðinum í samfélaginu?

Og ef við tökum bætur með í reikninginn, þá er fjöldi fjölskyldna sem greiða lægra hlutfall af heildartekjum nú í skatta en árið 2008, um 37.000, sem sagt vel yfir helmingur. Ennfremur sést að um 77% hjóna eða 47.000 hjón greiða minna í fjármagnstekjuskatt á árinu 2010 en þau hefðu gert skv. 10% flötum skatti án frítekjumarks.

Ísland er að færast aftur í átt að hinum Norðurlöndunum hvaða tekjujöfnun varðar og þó fyrr hefði verið. Þjóðfélög þar sem mikill ójöfnuður ríkir eru hvorki réttlát né stöðug. Fólkið sem beinir þessa dagana reiði sinni gegn Wall Street og öðrum tákngervingum hins gráðuga hnattvædda kapítalísma, er einmitt að leggja áherslu á það hvernig fjármagnseigendum og fjármálageiranum er hlíft við að taka þátt í samfélaginu með

okkur hinum. Heiðvirðu fólki blöskrar að ritarar auðmannanna skuli borga hærra hlutfall tekna sinna í skatta en þeir sjálfir. Einstaka auðmanni blöskrar þetta sjálfum. Meira að segja Páfagarður sendir Kapítalismanum tóninn.

Andófið gegn slíku misrétti hefur þó ekki borist tveimur stjórnarandstöðuflokkum uppi á Íslandi til eyrna, Sjálfstæðisflokknum og Framsóknarflokknum ef litið er á nýlegar efnahagstillögur þeirra, en báðir flokkar leggja til að afnema þrepaskattinn. Skattbyrðin skal því aftur færð yfir á lág- og millitekjufólk ála 2007. Tillöguflutningur stjórnmalaflokka er að sjálfsögðu alltaf virðingaverður og verðskuldar að vera skoðaður. Margt í tillögum Framsóknar snýr að því sama og ríkisstjórnin hefur verið að gera. Gallinn við tillögur Sjálfstæðisflokksins um að afturkalla allar tekjuöflunaraðgerðir sem ráðist hefur verið í sem viðbrögð við kreppunni, er hins vegar sá að þær myndu kippa fótunum aftur undan rekstri ríkisins. Þær myndu stórauka ójöfnuð á nýjan leik og yrðu ávísun á meiri niðurskurð og þrengingar í velferðamálum í framtíðinni. Þær eru ábyrgðarleysi, þær eru 2007 kredduhugsun.

Mér hefur orðið tíðrætt um aðgerðir á sviði ríkisfjármála og þann ótvíræða árangur sem þar hefur náðst. Hvers vegna? Það er vegna þess að ef sú barátta væri ekki að vinnast þá væri allt hitt stritið til lítils. Það skiptir sköpum að í stað 100 mia. kr. halla ársins 2009 á frumjöfnuði verður kominn myndarlegur afgangur upp á 40 mia. kr. á næsta ári til að greiða inn á vaxtareikninginn. Þessi árangur gerir okkur líka kleift að standa að baki launahækkunum til opinberra starfsmanna, hækkun bóta, þessi árangur gerir okkur nú kleift að milda ferilinn sem framundan er, en ná samt u.þ.b. jafnvægi 2013 og afgangi 2014.

Hagvöxtur er genginn í garð. Skerðing líf skjara hefur verið stöðvuð og kaupmáttur er farinn að aukast. Eftirspurn fer vaxandi eftir húsnæði. Einkaneysla vex. Vinnumagn mælist nú meira frá mánuði til mánaðar og atvinnuleysi lætur undan síga, jafnvel þó það sé enn mikið mein. Sterk staða útflutnings- og samkeppnisgreina og sú staðreynd að atvinnuvegafjárfesting fer vaxandi, allt eru þetta merki þess að það versta sé að baki. En það er svo í langt í frá, ágætu félagar, að það hafi verið sjálfgefið að landið væri komið á þó þann stað sem við erum á í dag. Miðað við mörg önnur lönd sem hafa lent í efnahagslegum ógöngum, og þó minni væru en okkar, þá blasir það við að það hefur unnist vel úr erfiðri, sumir sögðu vonlausri, stöðu Íslands.

Nokkrir af þekktustu hagfræðingum heims komu saman á ráðstefnu í Reykjavík í gær, þar af tveir nóbelsverðlaunahafar í hagfræði sem töluðu. Þar voru hressileg skoðanaskipti um ýmisleg, svo sem gjaldeyrishöft, kosti og galla Evru og fleira. En um eitt, eða raun tvennt, var fullur samhljómur; það hefði náðst mjög umtalsverður árangur í ríkisfjármálum og að það hefði í það heila tekið unnist vel úr málefnum Íslands.

En við megum heldur ekki gleyma okkur í þessum hagrænu vísbendingum. Hvers virði er hagvöxtur sem er drifinn áfram af ójöfnuði í samfélaginu, sem er á kostnað umhverfis- og náttúru? Hvert leiðir samneysla og einkaneyslan sem er tekin að láni? Í þessum efnunum eins og öðrum viljum við að ábyrgð og sjálfbærni ráði för. Að lokum er það gott og innihaldsríkt mannlíf í sátt við umhverfið sem þetta snýst allt um.

Til framtíðar litið bíða margar stórar spurningar svara. Ein þeirra snýr að gjaldmiðla- og peningamálum. Hvað viljum við sjá í þeim efnunum? Hvað mig varðar, þá segi ég einfaldlega, að það eru okkar eigin efnahagslegu stýritæki, þar með talið eigin gjaldmiðill, sem eru að duga okkur til að komast út úr kreppunni. Og hvers vegna skyldu þau þá ekki geta dugað vel áfram? Eini fyrirvarinn sem ég set við þessa afstöðu er sá að það verða að sjálfsögðu að vera til staðar stjórnvöld sem stýra efnahagsmálum af fullu viti. Hin mikla gengislækkun var ekki án fórna en það voru engar innistæður fyrir hágengi rugltímans og ekki skrytið og engin ráðgáta að krónan lenti í frjálsum falli eftir hrun og efnahagsstjórn um langt árabil.

Sæluríki Evrunnar lítur nú ekki beinlínis vel út um þessar mundir og jafnvel norska krónan, sem ég hef stundum verið grunaður um að daðra við, hefði nú reynst íslenskum veruleika strembin með sínum

olíustyrk undanfarin misseri. Á Íslandi erum við að náð utan um okkar vanda, allavega þann sem snýr beint að okkur sjálfum, og höfum lært þá lexíu að við getum til lengri tíma litið ekki eytt meiru en við öflum. Íslandsvinurinn, eða í það minnsta Íslandsáhugamaðurinn, og nóbelsverðlaunahafi í hagfræði, Paul Krugman, benti í gær á það á ráðstefnu hér á landi, að krónan hefur hjálpað landinu í gegn um hrundið. Ég er sannfærður um að atvinnuleysi hér á landi hefði farið, a.m.k. tímabundið, í háa tveggja stafa prósentutölu, ef við hefðum ekki haft okkar eigin gjaldmiðil, úr því sem komið var.

Og er ekki reynsla sumra annarra þjóða að sýna að það er nákvæmlega eins hægt að setja sig á hausinn í Evrum eins og krónum? Meira að segja mætti halda því fram, að hið falska öryggi Evrunnar hafi leitt margar þær þjóðir sem nú eru í vanda, einmitt í þær ógöngur sem þær eru í. Ekkert bendir til annars en að krónan verði gjaldmiðill Íslands í fyrirsjáanlegri framtíð með þeim eina fyrirvara að gjaldmiðlamál heimsins alls eru á hverfanda hveli. Allavega er það ljóst, að engin gjaldmiðils- og peningastefna verður mótuð hér á landi, með aðild okkar vinstri grænna, öðruvísi en að krónan verði þar fullgildur valkostur við aðrar hugmyndir. Það er vissulega krefjandi verkefni að treysta þannig undirstöður efnahagslífs og ríkisfjármála að hægt sé að reka eigin gjaldmiðil.

En mistök fortíðarinnar mega ekki berja úr okkur kjarkinn og eru engin sönnun þess að það sé ekki hægt. Stefna Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs í Evrópumálum er óbreytt, að hagsmunum okkar sé betur borgið utan Evrópusambandsins en innan þess, og það gera aðrir flokkar, þar með talið vinir okkar og samstarfsaðilar í Samfylkingunni, rétt í að hafa í huga.

Þessi ríkisstjórn hefur fyrir utan það að ná miklum árangri í glímu við nánast fordæmalausar erfiðleika í ríkisfjármálum og efnahagsmálum og fyrir utan að gera það þannig að það hefur aukið jöfnuð í samfélaginu, náð fram mörgum mikilvægum umbótum á fjölmörgum sviðum. Það vill fara fram hjá ýmsum að það hefur setið óhemju starfssöm og afkastamikil ríkisstjórn í landinu sl. tvö ár og níu mánuði og komið miklu í verk, t.d. á sviði mennta, velferðar, mannréttinda- og umhverfismála, svo nokkur dæmi séu tekin. Það er langur listi umbótamála:

Þessi ríkisstjórn á auðvitað að klára kjörtímabilið, og leggja grunn að því að vinstri menn og umhverfisverndarsinnar geti leitt landið miklu lengra inn á 21. öldina.

- Við höfum fullgilt Árósasamninginn, friðlýst svæði og unnið að rammaáætlun.
- Við höfum innleitt fjölmargar stjórnarsýslu og lýðræðisumbætur.
- Við höfum innleitt beint lýðræði á sveitarstjórnarstigið og flutt málefni fatlaðra yfir til sveitastjórna.
- Við höfum afnumið eftirlaunaforréttindi ráðherra og alþingismanna og geðþóttavald við skipan dómara.
- Við höfum innleitt ein hjúskaparlög.
- Við höfum gert kaup á kynlífsþjónustu ólögleg, eftl aðgerðir gegn mansali og innleitt að austurrískum hætti, að hægt sé að fjarlægja ofbeldisgeranda af heimili, í stað þess að fórnarlambið eða fórnarlömbin verði að flýja. Sem flokkur kvenfrelsis höfum við margt til að vera stolt af
- Við höfum eftl tónlistarnám, hækkað grunnframfærslu námsmanna, sett lög um íslenska tungu og stöðu táknaðsins, skólum nýjar námsskrár í okkar anda og margt fleira.
- Við höfum breytt fiskveiðistjórnarkerfinu og ætlum að ljúka því verki að ná viðunandi sátt um það mál.
- Við höfum búið til rammalög um nýfjárfestingar, eftl umhverfi nýsköpunar- og sprotafyrirtækja, og ráðist í vel heppnað átak í ferðaþjónustu.
- Við höfum staðið þétt að baki baráttu Palestínúmanna fyrir sjálfstæði sínu, við styðjum sjálfsagðan rétt þeirra til að stofna ríki í sínu eigin föðurlandi og þó fyrr hefði verið. Við höfum

lagt áherslu á samstarf um Norðurslóðamál og rétt frumbyggja og vernd lífríkis og umhverfis hinna norrænu svæða.

- Við höfum ráðist í fjölmörg vinnumarkaðsúræði fyrir atvinnulausa og hafið er stóraták í menntunarmálum ungs fólks og atvinnuleitenda.
- Við setjum hátt í 50 milljarða í vaxtabætur á þremur árum til að aðstoða fólk í skuldavanda.

Hér er fátt eitt nefnt, en fundarmönnum bendi ég á samantektina sem liggur frammi um aðgerðir ríkisstjórnarinnar á þessu kjörtímabili. En við vitum það líka, ágætu félagar, að alltaf má gera betur, enn er glímt við ærin verkefni sem kalla á alla okkar krafta. Hrunið hefur skilið mörg heimili og fyrirtæki eftir grátt leikin, og þrátt fyrir margvíslegar aðgerðir til að létta undir, er róðurinn enn erfiður. Meira þarf nú að fara að gerast í fjárfestingum, uppbyggingu og fjölgun starfa, skilyrðin eru orðin til staðar og það mun aftur létta fjölskyldum, fyrirtækjum og ríki og sveitarfélögum róðurinn.

Ég er vongóður um að nýjum fjárfestingaverkefnum, þar með talið verkefnum á sviði sjálfbærrar orkunýtingar, muni fara fjölgandi á næstu mánuðum. Slíkt skiptir vissulega máli og mun styðja enn frekar við efnahagsbatann. Landsvirkjun er nú þegar í langt komnum viðræðum við nokkra aðila um nýtingu orkunnar í Þingeyjarsýslu og er að fjárfesta fyrir milljarða til undirbúnings nýtingu orkunnar þar. Búðarhálsvirkjun er á fullri ferð. En þó að stór verkefni á þessu sviði séu mikilvæg eru þau ekki upphaf og endir atvinnulífsins, eins og ætla mætti af málflutningi sumra. Öflug hagkerfi eru fyrst og síðast drifin áfram af smáum og meðalstórum fyrirtækjum í vexti og almennri grósku. Og gróskan er víða mikil í atvinnulífinu. Ferðapjónustan er að skila þjóðarbuínu gríðarmiklum tekjum og í ár stefnir í metár.

Ríkisstjórnin hefur kortlagt virðisaukann af svokölluðum skapandi greinum, sem sýnir að gróskan þar er ein mesta stóriðja þjóðarbúsins. Í þeim greinum þarf þó yfirleitt bara að virkja kollinn, en ekki, til að mynda að stífla neðri hluta Þjórsár. Í tölvuleikja- og hugbúnaðargeiranum er mikill vöxtur og verður spennandi að fylgjast með framþróun mála þar. Lyfjaiðnaðurinn er að stækka umtalsvert og hátækni- og þjónustugreinar ásamt sjávarútveginum héldu glæsilegustu sjávarútvegssýningu hingað til, fyrir nokkrum vikum. Matvælaíðnaðurinn er í miklum blóma. Ísland flytur nú út, fyrir utan fiskinn, skyr, smjör, osta, lambakjöt, þara, bleikju, lax, loðskinn og fjölda annarra afurða og svo er komið að sú útflutningsgrein sem vex einna hraðast þessi misserin er landbúnaðurinn. Raunar er það svo að víða á landsbyggðinni vantar fólk til starfa og á ferð minni og okkar þingmanna um Norðausturkjördæmi á dögnum, kom ekki bara í ljós að það vantaði fólk í vinnu, heldur einnig húsnaði á mörgum stöðum.

Á einu sviði eigum við mikið óunnið og það er að endurheimta traustið í samfélaginu. Eitt af því sem skiljanlega tapaðist við hrunið, var trúverðugleiki og traust í íslensku samfélagi. Skiljanlega segi ég, því það var svo margt og svo margir sem brugðust. Í þeim efnum hefðum við sem ríkisstjórn og meirihluti þurft að ná meiri árangri. Okkur er að vísu ekki léttur leikurinn, því þegar traustið er farið þá er svo óendanlega auðvelt að gera allt tortryggilegt. Það er svo auðvelt að jafnvel afdankaðir ráðherrar úr hrunstjórninni sem enn spora gólfíð með eigin skítugu skóm, ganga nú fram sem hvítskúraðir, vængjaðir englar og bera rakalausar ávirðingar upp á aðra. En það leysir okkur ekki undan ábyrgð. Við þurfum að gera betur í að sýna það og sanna með verkum okkar að betri tímar séu gengnir í garð í þessum efnum. Að það sé almannahagur sem sé okkar leiðarljós, að tímar einkavinafæðingar, sérhyggju og klíkumennsku séu liðnir. Á sviði upplýsingagjafar og uppbyggilegrar rökræðu þarf þessi ríkisstjórn sannarlega að gera betur. Við verðum að leggja okkar að mörkum til þess að þjóðmálaumræða á Íslandi komist á boðlegt plan og hvorki ráðvillt stjórnarandstaða, skolpræsin úr Hádegismóum né skúmaskot nafnleysis í netheimum er afsökun fyrir því að gera ekki betur. Annríki daganna ekki heldur, því þjóðin á heimtingu á meiri rökstuðningi fyrir því að það sem við erum að gera verður að gera í þágu framtíðarinnar.

Kæru vinir og félagar. Ég hef aldrei verið sannfærðari en nú um það, að framtíð Íslands er björt. Í þessum sjö milljarða manna heimi okkar, þar sem uppdráttarsýki nýkapítalismans hefur því miður um sinn skyggt á flest annað, hluti eins og geigvænlegar loftslagsbreytingar, loftmengun, vatnsskort, misskiptingu gæða,

hina siðlausu sóun vígbúnaðar og styrjalda o.s.frv., þá stendur Ísland ótrúlega vel að vígi um leið og við höfum að fullu unnið bug á tímabundnum efnahagsvanda okkar. Svo fremi sem tekist verði á við þessa örlagahluti heimsins með árangursríkum hætti, þá hefur Ísland allt sem þarf til að hér dafni gott samfélag. Við höfum okkur sjálf, okkar mikla mannauð, við höfum náttúruauðlindir, mat, vatn, orku, landrými, við höfum gnægð alls þess sem allt of marga aðra skortir í okkar hrjáða heimi.

Það er gæfa að fæðast íslenskur og þannig skal það áfram verða. Þar í liggur okkar skylda, okkar tilgangur, okkar tilveruréttur sem stjórnmalahreyfingar, Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs, að sjá um að maður og náttúra, menning og umhverfi, ungt og gamalt, fatlaðir og ófatlaðir, búi saman í sátt. Þrjú orð duga til að draga þetta allt saman; **mannréttindi** og **sjálfbær þróun**.

Velkomin á sjöunda landsfund Vinstrihreyfingarinnar græns framboðs.